



Borgarráð

***Samkomulag um breytingar á starfi og starfslok sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs Reykjavíkurborgar***

Framundan eru breytingar á stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem fela í sér að staða sviðsstjóra íþróttá- og tómsundasviðs Reykjavíkurborgar verður lögð niður. Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR hefur óskað eftir breytingum á starfi og hefur borgarstjóri gert samkomulag við sviðsstjóra um breytingar á starfi og starfslok hans.

Ómar Einarsson mun losna undan skyldum í starfi sviðsstjóra frá 1. september 2022 en mun áfram sinna ákveðnum verkefnum fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Ómar lætur af störfum hjá Reykjavíkurborg 1. mars 2023 en mun sbr. 15. gr. reglna um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkurborgar, vera borgarstjóra til ráðgjafar og gegna tilfallandi verkefnum fyrir borgina, skv. óskum borgarstjóra, fram til 31. desember 2023.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri